

Alþingi
Erindi nr. P 130/1824
komudagur 15.4.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 –10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.04.2004

Efni: BSRB hefur borist til umsagnar frumvörp til laga um; - breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, 740. mál, - jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál, - stofnun Landsnets hf., 737. mál.

BSRB vísar í umsögn sinni um ofangreind frumvörp til laga til sameiginlegs álits fulltrúa BSRB og fulltrúa ASÍ sem birtist sem sérálit þeirra við niðurstöður 19 manna nefndarinnar svokölluðu um raforkuflutning og dreifingu, þann 19. febrúar sl. Fylgir álit þeirra hér með.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Svanhildur Halldórsdóttir".
Svanhildur Halldórsdóttir

Reykjavík 19.02.2004

Sérálit fulltrúa ASÍ og BSRB

Við undirrituð fulltrúar ASÍ og BSRB leggjum hér með fram sérálit vegna niðurstöðu svokallaðrar 19 manna nefndar um raforkuflutning og dreifingu.

Í upphafi skal tekið fram að full ástæða er til þess að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki tryggt Íslendingum undanþágu frá tilskipun 96/92 EB. Fullljóst er, að landfræðilega lega Íslands útilokar bæði heimili og fyrirtæki frá því að geta tekið þátt í raunverulegum innri markaði með raforku. Með raforkulögunum sem sett voru á síðasta ári og þessu frumvarpi er engu að síður verið að umbreyta öllu raforkukerfi landsmanna til þess eins að uppfylla þessa tilskipun, án þess að möguleiki sé á að gera sér nægjanlega grein fyrir tæknilegum og efnahagslegum afleiðingum þess. Þannig hefur ekki verið hægt að svara einföldum spurningum eins og hvaða áhrif þessar breytingar hafa, bæði vegna uppskiptingar kerfisins, aukinnar jöfnunar á flutningskostnaði, breyttrar áhættudreifingar og aukinna arðsemiskrafna á raforkuverð til heimila og fyrirtækja. Upplýsingar um einstaka rekstrarþætti liggja ekki fyrir né heldur hvert matsverð núverandi fjárfestinga í raforkukerfinu er. Því er að sumu leyti verið að óska eftir óútfylltri ávísun hvað raforkuverð varðar í framtíðinni. Forsendur fyrir því að nefndin hafi getað lokið störfum með viðunandi hætti hafa því ekki verið fyrir hendi þar sem ofangreindar upplýsingar hefur skort. Því er afar mikilvægt að virk endurskoðunarákvæði séu í lögunum þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana ef í ljós kemur að kerfisbreytingarnar leiði til hækkaðs raforkuverðs. Stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því að erfitt getur reynst að ganga frá kjarasamningum með óbeina hótun um tugprósenta hækkun á raforkuverði, sem þegar vegur þungt í framfærslukostnaði landsmanna, yfirvofandi.

Afstaða ASÍ og BSRB til þessa máls byggist á þeirri grundvallarsýn að vatns- og gufuorka sem nýtist til raforkuframleiðslu sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti. Lög sem snerta nýtingu þessarar auðlindar verða því að taka mið af þessu grundvallarsjónarmiði. Orkan er ein af mikilvægustu forsendum lífskjara hér á landi og ljóst að framtíðaruppbygging í atvinnumálum byggist að miklu leyti á hagkvæmri orku. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að raforkukerfi landsmanna er mikilvæg samfélagsleg fjárfesting. Ef við ætlum að taka upp ávöxtunarkröfu markaðsins á allar þessar fjárfestingar, líkt og raforkulögin gera ráð fyrir og þetta frumvarp áréttar varðandi flutnings- og dreifiveiturnar, mun tvennt gerast. Búsetuskilyrði heimila og

samkeppnisskilyrði fyrirtækja munu versna alls staðar á landinu með hækkun á raforkuverði. Rekstraröryggi kerfisins verður stefnt í voða, en reynsla erlendis hefur sýnt að skammtímahagsmunir markaðarins um hagnað í árshlutauppgjöri fá sífellt meira vægi. Þetta kemur fram í minni vilja til viðhalds og endurfjárfestinga auk þess sem dregið er verulega úr mannahaldi þannig að mikilvægur mannauður hefur glatast. Áherslur ASÍ og BSRB grundvallast á að hin nýju raforkulög þjóni hagsmunum almennings, miði að því að öll heimili og fyrirtæki njóti raforkukerfisins í landinu með sem jöfnustum hætti og að með lagasetningu verði afhendingaröryggi og gæði rafmagns tryggð sem og lækkandi verð til almennings í landinu.

Ofangreind heildarsamtök launafólks munu því ekki styðja framkomið frumvarp nema að eftirfarandi atriði verði að finna í frumvarpinu.

1. Við höfnum því að sett verði markaðsleg arðsemiskrafa á samfélagslegar fjárfestingar eins og flutningsfyrirtækið og dreifiveitur eru. Það mun valda hækkun á raforkuverði alls staðar á landinu og jafnframt leiða til röskunar á skilyrðum til búsetu og atvinnusköpunar. Miða skal við að gjaldskrár ásamt öðrum tekjum standi undir rekstri kerfisins, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun og má hér vísa til nýframkomins frumvarps um vatnsveitur sveitarfélaga. Arðsemiskrafa fyrirtækja í raforkuiðnaði verður að vera hófleg og taka mið af því að hér er um samfélagslegar fjárfestingar að ræða. Við teljum að eðlileg arðsemiskrafa liggi á bilinu 2-3% (arðsemi af eigin fé). Hlutfall hagnaðar fyrir vaxtagreiðslur og skatta af bókfærðu virði fastafjármuna (sem í frumvarpinu og raforkulögunum er kallað arðsemiskrafa) taki mið af þessari arðsemiskröfu.
2. Flutningsfyrirtækið verði í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda er því ætlað að vera hluti af almennri grunngerð og þjóna almenningsi og fyrirtækjum sem þjónustuaðili og er auk þess með einokunaraðstöðu. Því er mikilvægt að tryggja að slíkt félag verði ekki selt einkaaðilum í framtíðinni, né að rekstur þess og arðsemiskröfur verði sett undir markaðlegar forsendur um skammtímahagnað. Tryggja verður að bæði neytendur og orkuframleiðendur hafi opinn aðgang að öllum upplýsingum varðandi flutningsfyrirtækið sjálft og starfsemi þess.
3. Til þess að stuðla að sátt um bæði flutningsjöfnunina og rekstraröryggi flutningskerfisins föllumst við á tillögur um að flutningskerfið nái til 66 kV. Með þessu er jöfnun á flutningskostnaði sem best tryggð.
4. Jöfnun á dreifingarkostnaði raforku til heimilanna verði fjármögnuð með jöfnunargjaldi innan raforkukerfisins.
5. Í lögunum er gert ráð fyrir samstarfsnefnd um framkvæmd laganna. Í nefndinni á sæti m.a. fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, en ekki er gert ráð fyrir fulltrúum stærstu samtaka launafólks, hvorki BSRB né ASÍ. Undirrituð telja að fulltrúar launafólks eigi fullt erindi í umrædda nefnd og óska því eftir fá sæti í henni.

6. Samráðsnefndin hafi það verkefni að fylgjast með verðmyndun og verðþróun á raforku á næstu misserum og komi með tillögum að úrbótum reynist forsendur þessa frumvarps rangar með þeim afleiðingum að verð hækki óeðlilega frá því sem nú er.
7. Áhersla er lögð á að þess verði gætt að niðurgreiðslur vegna húshitunar á köldum svæðum landsins verði auknar í samræmi við hækkun á raforkuverði til húshitunar ef t.d. Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða ákveða að fella niður afslætti til húshitunar.